

Egill Helgason ræðst gegn eigin þjóð

Eftir Friðbjörn Orra Ketilsson

Egill Helgason þáttastjórnandi og opinber starfsmaður RÚV sendi bréf í lok september á þessu ári til stofnunar að nafni Transparency International sem sérhæfir sig í að mæla spillingu í löndum heims. Stofnunin gefur árlega út vísitölu spillingar og hefur Ísland að öllu jöfnu fengið bestu einkunn og verið talið nær laust við spillingu. Slík einkunn er m.a. lykill að erlendri fjárfestingu og forsenda þess að erlendir aðilar sýni landinu áhuga.

Sendibréf Egils er eftirfarandi.

Dear Sir/Madam

I am a senior journalist in Iceland.

I must say that your results on Iceland and corruption absolutely undermine the reputation of your organisation.

Are you aware that there is a huge investigation into financial misdoings in our country, headed by a special prosecutor with the aid of Eva Joly, the French/Norwegian investigation magistrate?

Your information is obviously wrong – or maybe your criteria is faulty.

Best regards

Egill Helgason

Reykjavik Iceland

Það er ekki oft sem einhver leggur sig beinlínis fram við að vinna tjón á hag samlanda sinna líkt og Egill Helgason reynir með bréfaskrifum sínum. Mælikvarðar Transparency International eru unnir á faglegum forsendum og með ólíkindum að Egill skuli reyna að hafa áhrif á niðurstöður þeirra Íslandi í óhag. Hvað gengur slíkum einstaklingi til?

Það sem gerir sendibréf Egils enn furðulegra er að hann sendir það sem blaðamaður og hann starfar sem slíkur á Ríkisútvarpinu svo best verði séð. Ekki færi hann að segja ranglega til titils sem „senior journalist“. Er það eðlilegt að opinber starfsmaður ríkisfjölmiðils standi í slíkum bréfaskriftum og keppist við að fá Ísland stimplað sem spillingarland?

Egill rekur sig svo á þann vegg að kanna ekki heimildir sínar og áttar sig ekki á því að vísitala spillingar fyrir árið 2009 er ekki komin út heldur aðeins fyrir árið 2008. Því til viðbótar felst ákveðin einfaldni í því að benda virtri erlendri stofnun á að héraendis sé í gangi rannsókn á sakamáli. Réttlát málsmeðferð er

grunnatriði óspilltra réttarríkja. Þá er rétt að láta ensku málfræðivillurnar sem „senior journalist“ sýnir af sér í bréfinu liggja á milli hluta.

Það er gott að vita til þessa að þegar í harðbakkann slær fyrir land og þjóð skuli einn Íslendinga, Egill Helgason, gera sér erindi til þeirra sem gáfu Íslandi góða einkunn á alþjóðlegum vettvangi og reyna sitt besta við að sannfæra þá um að hér sé allt spillt og breyta þurfi einkunn Íslands til hins verra.